

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lög-
birtingu hans undir aðför að lögum.

Mánudaginn 21. febrúarmán.

Nr. 2/1887

Hið opinbera

gegn

Valgarði kaupmanni Breiðfjörð.

D ó m u r :

Með dómi lögreglurjettar Reykjavíkurkaupstaðar, upp-
kveðnum 4. desbr. f. á., er hinn kærði, Valgarður kaup-
maður Breiðfjörð, dæmdur fyrir ólöglega sölu á brenni-
víni og öli til að greiða 40 króna sekt, er að þriðjungⁱ
átti að falla til fátækra sjóðs Reykjavíkur, en að tveim
þriðjungum til Gests Pálssonar sem uppljóstarmanns, svo
og til að greiða allan löglegan kostnað af málinu.
Dómi þessum er eptir ósk hins kærða áfrýjað til yfir-
dómsins.

Það er nægilega sannað í máli þessu með skýrslum
þeim, er fengnar hafa verið, að hinn 21. október f. á.
hafi verið seldir tveir hálpelar af brennivíni í verzlun-
arþúð hins kærða, og að það hafi verið drukkið þá sam-
stundis í búðinni, án þess að verzlunarþjónn kærða, er
afhenti brennivínið, hafi bannað það. Enn fremur hefur
hinn kærði kannast við, að stöku sinnum hafi verið
drukkið öl í húsum hans, sem keypt hafi verið hjá hon-
um. Með því að hinn kærði eigi hefur amtsleyfi til að
veita áfenga drykki, hefur hann þannig gjörzt brotlegur
gegn fyrirmælunum í tilskipun 13. júní 1787, 2. kap.
2. gr., og getur það eigi komið til greina honum til

sýknu, að brennivínið var veitt án hans vitundar, úr því að verzlunarþjónn hans gjörði það, því að gjörðir þjónsins í því efni átti kærði að ábyrgjast, nje heldur hefur sá framburður hans þýðingu til afsökunar, að ölið hafi verið drukkið í húsum hans án hans leyfis, og að hann hafi ætíð heldur bannað það. Aftur á móti verður kærða eigi gefin sök á því, þótt hálfþeli af brennivíni, er keyptur var á flösku í búð hans 10. nóv. f. á., væri drukkin þar á staðnum, því að brennivín þetta var eigi selt í því skyni, að það væri drukkið í búðinni, en verzlunarmaður kærða, sem annars bannaði, að það væri drukkið þar, gat ekki hamlað því. Hinn kærði hefur tvívegis áður síðastliðið sumar verið sektaður fyrir ólöglegar brennivínsveitingar, en sekt sú, sem hann nú hefur til unnið, þykir þó eptir atvikum málsins hæfilega metin 30 krónur. Með þessari breytingu, að því er sektina snertir, ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm, þar með talin ákvæði hans um málskostnað í hjerði. Svo á hinn kærði og að greiða allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar á meðal málsfærslulaun til sóknara og svaramanns við yfirdóminn, er ákveðast 8 kr. til hvors.

Rekstur málsins í hjerði hefur verið vítalaus og sókn og vörn í því við yfirdóminn lögmet.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði lögreglurjettar-dómur á að vera óraskaður, þó þannig að sektin ákveðist 30 krónur. Hinum kærða, Valgarði Breiðfjörð, ber og að greiða allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar með talin málsfærslulaun til sóknara og svara-

manns við yfirdóminn, málaflutningsmannanna Guðlaugs Guðmundssonar og Hannesar Hafsteins, 8 krónur til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lög-
birtingu hans undir aðför að lögum.

Mánudaginn 28. febrúarmán.

Nr. 4/1887

Rjettvísín

gegn

Guðlaugu Guðmundsdóttur

D ó m u r :

Með dómi, sem kveðinn var upp í aukarjetti Reykja-
víkurkaupstaðar 4. janúar næstliðinn, var hin ákærða,
Guðlaug Guðmundsdóttir, dæmd eptir 147. gr. hinna al-
mennu hegningarlaga í fangelsi við vatn og brauð í 2×5
daga og til að lúka öllum málskostnaði, þar með talið 4
kr. í málsvarnarlaun til hins skipaða talsmanns hennar,
Guðlaugs málaflutningsmanns Guðmundssonar.

Þessum dómi er að ósk hinnar ákærðu skotið til yfir-
dómsins.

Það er í máli þessu löglega sannað, að hin ákærða,
Guðlaug Guðmundsdóttir, hefur borið rangt fyrir rjetti
í máli, er henni var stefnt til að vitna í, og eru hin
nánari atvik þessi. Halldór nokkur Jónsson höfðaði
mál á hendur húsbónda hinnar ákærðu, Hans Jónssyni,
út af höfuðhöggi og áverka, og ljet Halldór leiða hina
ákærðu sem vitni í málinu; bar hún síðan fyrir rjetti,
að hún hvorki hefði sjeð Hans húsbónda sinn slá Hall-
dór, nje beita valdi til að koma honum út. Þá er